

Mánudaginn 24. febrúar 1964.

Nr. 16/1963. **Dánar- og félagsbú Eyjólfss Guðmundssonar og Arnþrúðar Guðjónsdóttur og Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Kristjáni Bjarnasyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árne Tryggvason og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Vanhæfi yfirlandskiptamanns.

Yfirlandskiptagerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1963. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Að fyrirlagi Hæstaréttar í dómi 23. maí 1960 framkvæmdi yfirlandskiptanefnd ný landskipti með landskiptagerð 26. júlí 1960. Stefndi hefur haldið því fram, að einn yfirlandskiptamannanna, Kjartan L. Markússon, hafi ritað grein þá, er birtist í dagblaðinu Tímanum hinn 21. ágúst 1960, og er efni hennar rakið í héraðsdómi, að því er hér skiptir máli. Með vætti Óskars Jónssonar, sem greint er í héraðsdómi, hefur stefndi fært veigamiklar líkur að því, að Kjartani sé rétt eignuð grein þessi. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir af hendi stefnda hefur Kjartan færzt undan að gefa hrein og glögg svör við því, hvort hann sé höfundur greinarinnar. Að svo vöxnu máli og þar sem ummæli í greininni eru þess eðlis, að þau samrýmast ekki starfi hlutlauss yfirlandskiptamanns, þá ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta

niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Er þá jafnframt samkvæmt 141. gr. laga nr. 85/1936 lagt fyrir hinn reglulega héraðs-dómara að skipa yfirlandskiptamann í stað Kjartans L. Markússonar. Ber yfirlandskiptanefnd þannig skipaðri að framkvæma yfirlandskipti.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði óskipt stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn samtals kr. 13.000.00.

Dómsorð:

Óraskað á að vera það ákvæði hins áfrýjaða dóms, að yfirlandskiptagerð frá 26. júlí 1960 sé úr gildi felld.

Áfrýjendur, dánar- og félagsbú Eyjólfss Guðmundssonar og Arnþrúðar Guðjónsdóttur og Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir, greiði óskipt stefnda, Kristjáni Bjarnasyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 13.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Skaftafellssýslu 5. janúar 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað fyrir auka-dómpinginu með stefnu, útgefinni 23. marz 1961, af Kristjáni Bjarnasyni, eiganda og ábúanda Norður-Hvols í Dyrhólahreppi, gegn ábúendum Suður-Hvols í sama hreppi, þeim Guðmundi Eyjólfssyni og Sigurði Eyjólfssyni, og Arnþrúði Guðjónsdóttur f. h. dánar- og félagsbús síns og Eyjólfss heitins Guðmundssonar. Stefnandi Arnþrúður hefur látizt eftir þingfestingu málsins, og breytist þá heiti málsins í samræmi við það.

Stefnandi gerði þær dómkröfur, „að hin svokölluðu framhalds-yfirlandskipti frá 26. júlí 1960 verði ógild metin eða þeim verði rift og hrundið og að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu hæfilegs málskostnaðar eftir mati réttarins“.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þau verði algerlega sýknuð af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að ekki hafi verið um nein framhaldsskipti að ræða, heldur ný skipti, enda hafi yfirlandskiptin frá 1952 verið úr gildi felld í dómi Hæstaréttar.

„Yfirskiptamennirnir“ hafi enga dómkvaðningu haft til að framkvæma ný skipti og hafi þeir því verið umboðslausir til þess starfa. Séu því „skipti“ þeirra markleysa. Þá telur hann, að jafnvel þótt dómkvaðningar hefði ekki þurft, hafi skiptamennirnir allt að einu verið óhæfir til starfans vegna a) fyrri afskipta af málinu, þ. á m. sérstaklega fyrri málaferlum, b) þess að einn skiptamanna hafi á óvenjulegan hátt gerzt ber að óvild gagnvart stefnanda og með því dæmt sjálfan sig og þar með skiptanefndina úr leik í þessu máli, og loks c) séu „skiptin“ að efni til á þann veg, að þau beri með sér fulla sönnun um, að skiptamenn hafi ekki verið óhlutdrægir í starfinu. Þá hefur hann haldið því fram, að jafnvel þótt ekkert yrði talið athugavert við competence og habilitet skiptamanna, þá séu skiptin greinilega ranglát í verulegum atriðum og þannig á röngum forsendum byggð. Auk þess hefur stefnandi haldið því fram við munnlegan flutning málsins, að komið hafi endanlega í ljós, að einn „skiptamaðurinn“, Kjartan L. Markússon, hafi með vísvitandi undanbrögðum komið sér hjá því að inna af hendi brýna lagaskyldu, tilheyrandi því starfi hans sem opinbers trúnaðarmanns, að hann telur, og þar með auglýst sig sem óhæfan í starfinu og verkið því ómerkt frá upphafi, hvaða afstöðu sem rétturinn annars tæki til blaðaskrifa hans í sambandi við skiptin. Þá kvað hann einnig í munnlegum flutningi málsins annan „skiptamann“, Guðlaug Jónsson, hafa auglýst óhæfi sitt sem skiptamanns með því að framkvæma skiptin á allsendis röngum og ólöglegum forsendum, þar sem hann hafi skilið starfið svo, að hann og þeir félagar hefðu bindandi fyrirmæli um að taka ekki við neinum mótmælum eða athugasemdum frá öðrum aðiljanum, og gildi þetta þá jafnframt um alla hina skiptamennina, þar sem þeir bókuðu, að þeir væru „sammála“ um þessa starfshætti, en allt þetta valdi ásamt fleiru algerri ómerkingu margnefndrar „skiptagerðar“.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því, að kröfur út af framangreindri yfirlandskiptagerð séu fyrndar, þar sem meira en 6 mánuðir hafi verið liðnir frá þeim degi, sem skiptin fóru fram á, sbr. 5. gr. laga nr. 46 frá 1941. Þessari málsástæðu hafa stefndu fallið frá á síðara stigi málsins. Þá telja þeir í öðru lagi, að lögum samkvæmt hafi sömu yfirlandskiptamönnum og framkvæmdu skiptin 1952 borið að framkvæma skipti þau, er Hæstiréttur fyrirskipaði með dómi, uppkveðnum 23. maí 1960. Telja þeir þetta og koma beint fram í dómi réttarins, sbr. málsgreinina „.....“ og leggja fyrir yfirlandskipta-

menn að taka skiptin upp af nýju samkvæmt því, sem að framan var rakið“. Vegna kröfu stefnanda um ógildingu, vegna þess að einn yfirlandskiptamanna hafi gert sig óhæfan til starfa, hefur lögmaður stefndu tekið sérstaklega fram í munnlegum málflutningi og lagt á það áherzlu, að meiri hluti landskiptanefndar ráði úrslitum í landskiptum. Benti hann á 4. gr. laga nr. 46/1941 í því sambandi. Samkvæmt því taldi hann engu máli skipta fyrir gildi yfirlandskiptanna, „jafnvel þótt forföll Kjartans Leifs Markússonar yrðu ekki metin gild“.

Málavextir eru þeir, að með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 23. maí 1960, eru landskipti yfirlandskiptanefndar frá 10. maí 1952 á landi Hvals í Dyrhólahreppi úr gildi felld, og segir í dómsorði Hæstaréttar, að yfirlandskiptamönnum beri að framkvæma skiptin samkvæmt því, er að framan greinir. Í forsendum þessa hæstaréttardóms segir meðal annars svo: „Þar sem bein krafa hefur komið fram um skiptingu á nefndum svæðum og þau verða ekki undanskilin skiptum samkvæmt ákvæðum landskiptalaga nr. 46/1941, sbr. einkum 3. og 13. gr. þeirra, þá ber að framkvæma skiptingu þeirra. Ákveða má þó aðiljum umferðarrétt, eftir því sem nauðsyn þykir til bera. Með því að óvíst er, hvort unnt sé að framkvæma hagkvæm og réttlát skipti á svæðum þessum án þess að haggja að einhverju leyti þegar framkvæmdum skiptum, þá verður ekki hjá því komizt, að fella yfirlandskiptagerðina frá 10. maí 1952 úr gildi og leggja fyrir yfirlandskiptamenn að taka skiptin upp af nýju samkvæmt því, sem að framan var rakið“.

Hinn 29. apríl 1952 voru á aukadómþingi Skaftafellssýslu dómkvaddir eftirtaldir menn til þess sem yfirmatsmenn að framkvæma skipti á Hvalsjörðum í Dyrhólahreppi samkvæmt landskiptalögum: Gísli Skaftason bóndi, Lækjarbakka, Guðlaugur Jónsson pakkhúsmaður, Vík, Kjartan L. Markússon búfræðingur, Suður-Hvammi, Páll Pálsson bóndi, Litlu-Heiði, og Björn Bjarnarson, ráðunautur í Reykjavík, sem oddamaður skiptanefndarinnar. Menn þessir framkvæmdu yfirlandskipti þau, sem felld voru úr gildi með framangreindum dómi Hæstaréttar. Hinir sömu menn komu aftur saman að Hvoli hinn 25. júlí 1960 til þess að framkvæma ný yfirlandskipti í samræmi við ákvæði framangreinds hæstaréttardóms. Er yfirlandskiptagerð, dagsett 26. júlí 1960, undirrituð af öllum framangreindum yfirlandskiptamönnum. Þegar yfirlandskiptamennirnir komu að Hvoli til þess að framkvæma yfirlandskipti, kveðast þeir hafa haft samband

við Kristján Bjarnason, eiganda Hvals II, á heimili hans, en hann hafi afhent formanni skiptanefndar í votta viðurvist fjögur bréf, þar sem hann m. a. mótmælir því, að þessir landskiptamenn framkvæmi frekari skipti á Hvalsjörðum. Í yfirlandskiptagerðinni segir, að skiptanefndin hafi verið sammála um að hafa þau mótmæli að engu, en hefja þegar framkvæmd skiptanna og ljúka þeim samkvæmt fyrirskipunum Hæstaréttar. Í bréfi stefnanda til sýslumanns Skaftafellssýslu, dags. 23. júlí 1960 (dskj. nr. 15), mótmælir hann því, að hinir sömu menn, sem voru við yfirlandskipti á Hvoli, komi aftur að yfirlandskiptum. Rök fyrir mótmælum sínum kveður hann vera þau, að þeir framkvæmdu ekki skiptin svo, að þau gætu staðizt, heldur fóru eftir óskum og kröfum Suður-Hvolsmanna. Telur hann skiptamenn hafa berlega sýnt afstöðu sína til málanna með vottorðum þeim, er þeir hafi lagt fram við málareksturinn í heild Suður-Hvoli til framdráttar. Í bréfinu heldur hann því einnig fram, að þeir hafi játað fyrir rétti, að þeir hafi ekki sökum vanheilsu getað farið um landið til athugunar, og sízt muni þeir betur haldnir af vanheilsu sinni nú.

Stefnandi hefur undir rekstri málsins fært fram nokkur gögn fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að einn yfirlandskiptamanna hafi á óvenjulegan hátt gerzt ber að óvild gagnvart stefnanda og með því dæmt sjálfan sig úr leik. Á dskj. nr. 4 er vottorð Sveins Skorra Höskuldssonar, þá starfsmanns Tímans, dags. 14. september 1960, svohljóðandi: „Hér með skal tekið fram, að ritstj. Tímans hefur sagt mér, sérstaklega aðspurður, að „Mýrdælingur“ sá, er fyrir skömmu skrifaði grein í blaðið um landskiptamál í Mýrdal, hétu Kjartan, en mundi ekki hvers son.“ Vottorð þetta, sem lögmaður stefndu hefur mótmælt, er óstaðfest. Vottorðsgjafi, Sveinn Skorri Höskuldsson, var fluttur búferlum úr landi, áður en hann kæmi fyrir dóm. Þá hefur hann leitt sem vitni í málinu út af þessu atriði Óskar Jónsson, fyrrverandi alþingismaður, nú fulltrúi, Kirkjuvegi 26 á Selfossi, og hefur Óskar staðfest framburð sinn með eiði. Samkvæmt vottorði þessa vitnis á dskj. nr. 26 kveðst það hafa á skrifstofu dagblaðsins Tímans í Reykjavík séð frumrit af grein, er birtist í blaðinu sunnudaginn 21. ágúst 1960 undir nafninu: „Þess skal getið, sem gert er“, en grein þessi bar undirskriftina „Mýrdælingur“. Á vottorðinu segir, að frumritið hafi verið ritað með hendi Kjartans L. Markússonar, Suður-Hvammi í Mýrdal, enda fylgdi með bréf, undirritað af honum. Er vitnið kom fyrir dóm,

staðfesti það vottorð sitt og kvaðst aðspurt þekkja rithönd Kjartans Leifs Markússonar mjög vel, en auk þess hafi fylgt bréf, ritað af Kjartani Leifi sjálfum, er vitnið sá frumrit greinarinnar á ritstjórnarskrifstofu Tímans. Andrés Kristjánsson, ritstjóri Tímans, hefur verið leiddur sem vitni í máli þessu. Hann kvaðst muna eftir grein, sem birzt hafi í Tímanum um svokölluð Hvolsmál, en ekki muna um efni greinarinnar. Aðspurt kvaðst þetta vitni ekki muna, hvort það hefði borið þessa grein undir Óskar Jónsson, fyrrverandi alþingismann, en kvaðst muna, að það hafi borið greinar undir Óskar, þótt það muni ekki, hvaða einstakar greinar það hafi verið. Vitnið gaf þá skýringu, að það sé venja, að ritstjóri beri greinar, sem eru nafnlausar eða undir dulnefnum, undir kunnuga menn til að vita, hvort óhætt og rétt sé að birta greinarnar. Sé því vel líklegt, að það hafi borið grein þessa undir Óskar Jónsson, fyrrverandi alþingismann, þótt það muni það ekki. Með stefnu, útgefinni 25. ágúst 1962, stefndi stefnandi máls þessa Kjartani Leifi Markússyni til þess að mæta til vitnaleiðslu þriðjudaginn 4. september 1962 í þinghúsi Dyrhólahrepps að Litla-Hvammi. Hið stefnda vitni mætti ekki, en lögmaður stefndu í málinu lagði fram vottorð, dags. í Vík 4. september 1962, undirskrifað af Haraldi Jónssyni, svohljóðandi: „Kjartan L. Markússon, Vík, er svo illa haldinn af asthma-kasti, að hann þolir ekki réttarhald.“ Hinn 6. nóvember 1962 ritaði lögmaður stefnanda Kjartani Leifi Markússyni svohljóðandi bréf: „Þar sem þér hafið (vegna veikinda-forfalla) enn ekki mætt í ofangreindu máli, þrátt fyrir áskoranir og vitnastefnu, þar að lútandi, og heldur ekki ennþá tjáð yður um, hvort þér hafið skrifað grein þá í dbl. „Tímann“ undir dulnefninu „Mýrdælingur“, sem fjallar um landskiptamálin á Hvoli og mjög kemur við sögu í máli því, er nú stendur yfir, þá vil ég hér með skora á yður með stefnuvottum að senda dóminum eða formanni hans, Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta, annað hvort beint eða um hendur málflutningsmanns yðar, afdráttarlausa umsögn um þetta atriði af eða á. Málið kemur fyrir á skrifstofu bæjarfógetans í Kópavogi hinn 15. þ. m. Afrit af bréfi þessu er sent hr. hrl. Agli Sigurgeirssyni. Virðingarfyllst, Sig. Ólason.“ Bréf þetta er birt Kjartani Leifi Markússyni með stefnuvottum Hvammshrepps hinn 10. nóvember 1962. Í þinghaldi í málinu hinn 15. nóvember 1962 lagði lögmaður stefndu fram (dskj. nr. 35) símskeyti til sín frá Kjartani Leifi Markússyni, dags. 13. nóvember 1962, sent frá Vík, svohljóðandi: „Hef

skrifað eina grein í Tímann um völfuleiðið á Felli. *Ekki annað*. Kjartan L. Markússon.“ Lögmaður stefnanda mótmælti símskeyti þessu þá í þinghaldinu sem röngu, og með bréfi, dagsettu sama dag, til lögmanns stefndu, mótmælti hann því einnig sem óstaðfestu og ómerku utanréttarlaggi. En í bréfinu tók hann fram, að hann mótmælti ekki símskeytinu sem óstaðfestu sem slíku, heldur efni þess. Lögmaður stefndu hefur ítrekað mótmælt því, að Kjartan Leifur Markússon hafi skrifað umdeilda Tímagrein, svo og hefur hann mótmælt öllu, sem stefnandi hafi lagt fram því til sönnunar.

Yfirlandskiptamennirnir Björn Bjarnarson, Guðlaugur Gunnar Jónsson, Páll Pálsson og Gísli Skaftason hafa allir komið fyrir dóm og svarað þar spurningum, er fyrir þá hafa verið lagðar um yfirlandskiptin og yfirlandskiptagerðina. Yfirlandskiptamönnum þessum fjórum hefur öllum verið sýnt afrit yfirlandskiptagerðarinnar á dskj. nr. 3, og hafa þeir allir kannast við hana. Vitnisburðir þriggja þeirra hafa verið teknir gildir sem staðfestir væru, en framburði vitnisins Guðlaugs Jónssonar var mótmælt af lögmanni stefnanda sem óstaðfestum. Hefur Guðlaugur unnið eið að framburði sínum. Hinn 7. desember 1962 stefnir stefnandi máls þessa Kjartani Leifi Markússyni að nýju til þess að mæta sem vitni í sambandi við mál þetta á þingstað Hvammshrepps í Vík miðvikudaginn 12. desember 1962, kl. 4, og var stefna þessi birt af stefnuvottum 10. desember 1962. Hið stefnda vitni mætti ekki, en dómari málsins vildi gefa vitninu kost á, að hann héldi dómþing á heimili vitnisins. Fór því settur sýslumaður Skaftafellssýslu, Sigurður Briem Jónsson, heim til Kjartans Leifs Markússonar og gaf honum kost á vitnayfirheyrslu á heimili hans. Hefur settur sýslumaður gefið svohljóðandi vottorð um för sína á heimili Kjartans Leifs (dskj. nr. 40): „Samkvæmt beiðni Sigurgeirs Jónssonar umboðsdómara fór ég undirritaður ásamt Ásgeiri Pálssyni hreppstjóra, Framnesi, heim til Kjartans Leifs Markússonar að Eyrarlandi í Vík í Mýrdal með þau skilaboð frá umboðsdómara, að hann vildi gefa vitninu kost á að yfirheyra það í heimahúsum, ef það ætti óhægt um að mæta á þingstað Hvammshrepps, enda væri aðeins um eina spurningu að ræða, og ekki yrðu aðrir viðstaddir en dómari og vottar. Svaraði vitnið því neitandi og afhenti mér læknisvottorð. Vík í Mýrdal, 12. desember 1962. Sig. Briem Jónsson.“ Læknisvottorð það, sem greinir í vottorði þessu, er svohljóðandi (dskj. nr. 38): „Kjartan Leifur Markússon, f. 8/4 '95, til heim-

ilis í Vík í Mýrdal, er að mínu áliti ekki fær um að mæta fyrir rétti af heilsufarsástæðum. Vigfús Magnússon héraðsl.“ Í tilefni af vottorði þessu mætti vottorðsgjafi, Vigfús Magnússon, settur héraðslæknir í Víkurhéraði, óstefndur sem vitni í málinu hinn 14. desember 1962. Samkvæmt ósk lögmanns stefnanda voru þessar vitnaspurningar lagðar fyrir vitnið: „1) Ber að skilja þau ummæli í vottorði læknisins, dskj. 38, að Kjartan Leifur Markússon sé ekki fær að mæta í rétti þargreindan dag, á þá leið, að hann sé ekki ferðafær á þingstað til yfirheyrslu? 2) Telur læknirinn hins vegar, að Kjartan Leifur myndi hafa getað, hvað heilsufar snertir, svarað dómara á heimili sínu eða úr rúmi sínu, enda sé gengið út frá alls einni spurningu og að engir væru viðstaddir, nema dómari og réttarvottar? Sig. Ólason.“ Framangreindum vitnaspurningum svaraði vitnið Vigfús Magnússon báðum játandi. Vitnið gaf þá skýringu, að það hafi búizt við langri yfirheyrslu og ekki talið Kjartan Leif Markússon færan um að þola langdregið réttarhald. Vitnið kvað aðalsjúkdóm hans vera lungnaþembu (emphysema pulmonum), sem oft þjái gamla bændur. Vitnið kvað Kjartan Leif vera algeran öryrkja vegna lungnasjúkdómsins. Þá tók vitnið fram, að það hefði verið settur héraðslæknir í 2½ mánuð og viti ekki til þess, að Kjartan Leifur hafi á því tímabili farið nema tvisvar út úr húsi, þar af í annað skiptið til sín. Með stefnu, útgefinni 14. desember 1962 (dskj. nr. 48), stefnir stefnandi máls þessa enn á ný Kjartani Leifi til að mæta fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu sem vitni hinn 2. janúar 1963, kl. 15, á þingstað Hvammshrepps. Í stefnu þessari, sem birt var af stefnuvottum 29. desember 1962, segir m. a.: „Að ég er tilneyddur, eftir tvær undanfarnar árangurslausar tilraunir, að stefna herra Kjartani Leifi Markússyni, Vík í Mýrdal, til vitnayfirheyrslu í aukadómsmálinu: Kristján Bjarnason gegn Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum o. fl., enda hefur aukadómurinn úrskurðað, að reynt skuli til þrautar að fá fram vætti hans í málinu. En téður Kjartan Leifur var á sínum tíma dómkvaddur til þess að leysa tiltekið opinbert trúnaðarstarf af hendi, en hefur hins vegar komið sér hjá því að mæta fyrir rétti af því tilefni, og það jafnvel þótt dómurinn hafi boðizt til að taka skýrslu af honum á heimili hans. Tel ég forföll Kjartans Leifs undanbrögð ein, enda hefur hann heldur ekki fengizt til að svara tiltekinni spurningu, varðandi málið, sem lögð var fyrir hann um hendur stefnuvotta. Áskil ég mér þess vegna óskertan rétt á hendur téðum Kjartani Leifi út af þessu öllu, bæði um viður-

lög fyrir undanbrögð samkvæmt 131. gr. laga nr. 85/1936, sem og til þess að nota undanfærslu hans sem málsástæðu í auka-dómsmálinu, eftir því sem við á og þurfa þykir.“ Ekki mætti Kjartan Leifur í þinghaldi þessu, en lögmaður stefndu lagði fram bréf eða vottorð frá Ólafi Björnssyni héraðslækni, þar sem hann segist hafa skoðað Kjartan Leif fyrir tæpum tveimur árum, og hafi hann þá verið í status asthmaticus og sýnilega aðþrengdur. Í vottorði þessu kemur fram, að læknirinn hefur aðeins haft þessi einu afskipti af sjúklingi þessum fyrir tæpum tveimur árum, og segir meðal annars um það í vottorðinu: „Yfirleitt voru þessi einu afskipti mín af þessum sjúklingi of skammvinn, til að ég gæti gert mér glögga grein fyrir heilsufari hans almennt“ Í þinghaldi þessu hinn 2. janúar 1963 lét lögmaður stefndu bóka eftir sér: „Ég hef farið á fund Kjartans L. Markússonar, og hefur hann fallizt á, að dómendur kæmu þrír til fundar við hann, þar sem hann er rúmliggjandi. Hins vegar telji hann sig hafa lögleg veikindaforföll frá því að mæta í almennum þinghaldi.“ Dómstjórinn bókaði þá, að gefnu tilefni frá lögmönnum aðilja, að dómurinn sé sammála um að samþykkja, að þingið verði flutt af þingstað á heimili vitnis, ef vitnið sendi dóminum um það skriflega beiðni, en annars ekki. Var gefinn einnar klukkustundar frestur til þess, að vitnið gæti sent dóminum beiðni um flutning þinghaldsins á heimili þess, ef það óskaði þess. Að liðinni 1½ klukkustund, barst dómstjóranum svofellt bréf frá Kjartani Leifi Markússyni: „Jeg undirritaður Kjartan L. Markússon í Vík get fallizt á, að dómendur í Hvolsmáli komi heim til mín, ef þeir telja það nauðsynlegt málsins vegna, og spyrji mig um það, sem þeir telja miklu varða. — Jeg er liggjandi sjúklingur og frábið mig því, að rjettur sje settur á heimili mínu. — Vík 2/1 1963 — Kjartan L. Markússon.“ Eftir móttöku þessa bréfs var gerð svofelld bókun í þingbókina: „Dómurinn er sammála um, að ekki sé efni til neinna athugasemda í tilefni af bréfi Kjartans L. Markússonar á dksj. nr. 53, þar sem hann banni þinghald á heimili sínu.“ Lögmaður stefndu hefur mjög eindregið mótmælt tilraunum til þess að fá vitni þetta fyrir dóm, og í greinargerð í sambandi við kæru til Hæstaréttar út af úrskurði aukadómpingsins frá 13. desember 1962 um framhaldsgagnaöflun, þar sem aðiljum er m. a. gefinn kostur á að reyna til þrautar að fá Kjartan Leif fyrir dóm sem vitni, segir hann, að ekki verði annað séð en að sækja hafi átt mann þenna heim að honum sjúkum og nauðugum, og jafnframt er

látið að því liggja, að með aðgerðum dómsins sé manni þessum búin hætta á líftjóni.

Lagt hefur verið fram í málinu á dskj. nr. 31 bréf Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 27. maí 1960, svohljóðandi: „Hr. ráðunautur Björn Bjarnarson, Reykjavík. — Jafnframt því að senda yður, herra ráðunautur, sem oddamanni yfirlandskiptanefndar hjálagt endurrit af dómi Hæstaréttar í máli Kristjáns Bjarnasonar, Norður-Hvoli, gegn eigendum Suður-Hvols, leyfi ég mér að beiðast þess, að framkvæmd verði skipti þau hið fyrsta, sem Hæstiréttur fyrirskipar. — Virðingarfyllst, Egill Sigurgeirsson.“ Í eiðfestum framburði vitnisins Guðlaugs Gunnars Jónssonar á aukadómþinginu hinn 2. janúar 1963 segir m. a. svo: „Lögmaður stefnanda óskar borið undir vitnið sérstaklega þau ummæli í skiptagerðinni, að landskiptamenn hafi verið sammála um að hafa að engu mótmæli Kristjáns Bjarnasonar. Vitnið skýrir frá því, að Jón heitinn Kjartansson sýslumaður hafi talað við það í síma og sagt því, að nú ætti það að framkvæma yfirlandskipti á Hvoli með sömu mönnum og fyrr, og hafi vitnið því talið sig hafa fengið skipun um að vinna þetta verk. Þess vegna hafi það talið, að ekki bæri að taka til greina nein mótmæli gegn því, og bæri því að hafa þau að engu. Lögmaður stefndu óskar vitnið spurt, hvort það hafi sótt landskiptabókina og hver hafi þá afhent hana. Vitnið kveðst hafa sótt bókina, og sýslumaður Jón Kjartansson hafi afhent hana. Lögmaður stefnanda óskar vitnið spurt, hvort því hafi ekki þótt ástæða til að fá skriflegt skjal frá sýslumanni um þetta, en ekki aðeins munnlega beiðni. Vitnið svarar: „Hafði ekki Björn Bjarnarson bréf um það?“ Þá óskar sami lögmaður vitnið spurt, eftir beiðni hvors málsaðilja þessi síðari yfirlandskipti hafi verið framkvæmd. Vitnið kveðst halda, að Kristján Bjarnason hafi beðið um þessi skipti. Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda, bætir vitnið því við, að það sé ekki á því hreina með þetta“

Lögmaður stefnanda hefur við munnlegan flutning málsins lagt nokkuð upp úr þessum framburði vitnisins Guðlaugs Jónssonar, svo sem að framan er rakið.

Í grein þeirri í dagblaðinu Tímanum, sem haldið er fram, að einn yfirlandskiptamanna, Kjartan Leifur Markússon, hafi ritað, segir m. a. svo: „.... Mál þetta höfðaði Kristján Bjarnason bóndi á Norður-Hvoli í Mýrdal gegn sambýlismanni sínum, Guðmundi Eyjólfsyni. Var tilefnið, að árið 1951 voru framkvæmd landskipti á Hvoli eftir beiðni þeirra Hvols-bænda. Kristján var

óánægður með skiptin og krafðist yfirlandskipta. Voru þau framkvæmd af 5 mönnum, eins og lög mæla fyrir, og var Björn Bjarnarson ráðunautur formaður skiptanefndar. Þrátt fyrir það, þó matsmenn gerðu allt, sem þeim var unnt, til að skiptin yrðu hagkvæm Kristjáni, var hann enn óánægður, og gat skiptamönnum ekki dulizt, að hann yrði aldrei ánægður með jöfn og réttlát skipti“ „.... Með dómi Hæstaréttar kemur ótvírátt í ljós, sem raunar flestir hér eystra vissu frá upphafi, að mál þetta var höfðað án nokkurs tilefnis, og dómsmálaráðherra hefur hent það slys, að veita manni gjafsókn til að höfða og reka mál, þó enginn skynsamlegur grundvöllur væri til að byggja málaferlin á. — Bjarni Benediktsson hefur af fljótfærni trúað ósannindum Kristjáns Bjarnasonar og meðhjálpurum hans um landskiptin, að matsmenn hefðu verið hlutdrægir og að hann væri svo afskiptur, að óunandi væri við að búa. En að sjálf-sögðu hefði ráðherrann ekki átt að fara eingöngu eftir einhliða áróðri, heldur afla sér upplýsinga hjá greinargóðum og kunnugum mönnum hér eystra um skiptin. Mundi hann þá hafa fengið aðra sögu að heyra og sannari en þá, sem Kristján lét bera honum“ „Er raunalegt að vita, ef sjálfur dómsmálaráðherrann lætur það slys henda sig að veita mönnum brautargengi, sem halda uppi tilefnislausum ófriði og málaferlum. Mýrdælingur.“

Svo sem fram kemur af því, sem rakið hefur verið hér að framan úr grein „Mýrdælings“, sem birtist í dagblaðinu Tím-anum sunnudaginn 21. ágúst 1960, lýsir greinin þeirri afstöðu greinarhöfundar til annars aðilja máls þessa og landskipta þeirra, sem framkvæmd voru af yfirlandskiptamönnum hinn 26. júlí 1960, að valda mundi vanhæfi dómara, matsmanns eða skiptamanns í því máli, ef hann væri höfundur greinarinnar, hefði haft afskipti af samningu hennar eða komið henni á framfæri. Með eiðfestum framburði Óskars Jónssonar, studdum öðrum rök-um, þykja líkur færðar fyrir afskiptum yfirlandskiptamannsins Kjartans Leifs Markússonar af grein þessari. Hefur framkoma Kjartans Leifs undir rekstri máls þessa, svo sem síðar verður vikið að, sízt dregið úr þeim líkum. Þrátt fyrir þessar líkur, verður ekki talið, að sannaður hafi verið með lögfullri sönnun at-beini Kjartans Leifs að greininni. Verður vanhæfi hans til starf-an því ekki byggt á þeirri málsástæðu.

Kemur þá til álita sú staðhæfing lögmanns stefnanda, að Kjartan Leifur Markússon hafi með hátterni sínu, þ. á m. vísvitandi

undanbrögðum frá því að innna af hendi brýna lagaskyldu, tilheyrandi starfi hans sem opinbers trúnaðarmanns, sannað vanhæfi sitt til starfans og þar með gert verkið ómerkt frá upphafi.

Í dómkvaðningu (dskj. nr. 51) eru þar tilgreindir menn dómkvaddir til þess að framkvæma skipti á Hvolfsjörðum í Dyrhólahreppi samkvæmt landskiptalögum. Í niðurlagi dómkvaðningarinnar segir, að þeir skuli vera reiðubúnir að staðfesta skiptagerðina, ef krafizt verði. Í dómkvaðningunni segir, að hinir dómkvöddu menn séu kvaddir til að framkvæma yfirmat, og er það í samræmi við upphafsákvæði 6. gr. laga nr. 46/1941. Samkvæmt því orðalagi dómkvaðningar og lagagreinar þykir verða að telja reglur laga nr. 85/1936 gilda um þau atriði, varðandi matsnefndina, sem lög nr. 46 frá 1941 ekki tilgreina sérstaklega, eftir því sem við getur átt. Samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 85/1936 og dómvenju eru svör matsmanna við spurningum, sem varða matsgerð, einn hluti matsgerðarinnar, en auk þess er matsmanni einnig skylt að svara hverri þeirri spurningu, sem honum væri skylt að svara, ef hann væri vitni í máli.

Svo sem að framan er rakið, hefur einn yfirlandskiptamanna þeirra, sem framkvæmdu hin umdeildu yfirlandskipti á Hvoli 26. júlí 1960, ekki fengizt til að koma fyrir dóm sem vitni í máli þessu, þrátt fyrir 3 stefnur þar um og tilboð dómstjórans um að halda vitnayfirheyrslu á heimili hans, ef hann kysi það og ætti óhægt um að fara að heiman. Kemur þá til álita, hvort hann hafi haft lögleg forföll. Vottorð Haralds Jónssonar á dskj. nr. 25 segir aðeins til um heilsufar hans hinn 4. september 1962, um að hann þoli ekki réttarhald þann dag vegna asthmakasts, sem hann er þá talinn hafa verið í. Vottorð Vigfúsar Magnússonar héraðslæknis á dskj. nr. 38 og framburður vottorðsgjafa í aukadómþingi 14. desember 1962 segja, að Kjartan Leifur hafi hinn 11. desember 1962 verið ófær um að fara út úr húsi til réttarhalds, og að hann þyldi ekki langdregið réttarhald, en að hann væri fær um stutt réttarhald í heimahúsum til að svara einni spurningu. Neitun Kjartans Leifs á að bera vitni í málinu hinn 2. janúar 1963 er ekki studd neinum gögnum um forföll á þeim tíma. Vottorð Ólafs Björnssonar læknis (dskj. nr. 53) um eina sjúkravitjun tveimur árum fyrr hefur auðvitað enga þýðingu í því sambandi.

Verður að telja, að margnefndur yfirlandskiptamaður, Kjartan Leifur Magnússon, hafi ekki sannað lögmæt forföll til að neita að koma fyrir dóm út af yfirmatsgerð hans, nema hinn 4. sept-

ember 1962, er hann samkvæmt læknisvottorði var í asthmakasti.

Eins og að framan er rakið, svaraði sami yfirlandskiptamaður ekki spurningu lögmanns stefnanda, er hann lagði fyrir hann með stefnuvottum, um, hvort hann hefði ritað framangreinda grein í Tímann, heldur sendi hann lögmanni stefndu, sem hann virðist telja lögmann sinn, símskeyti um skrif sín um allt annað efni. Var þó spurning lögmanns stefnanda svo ljós, að hún varð ekki misskilin. Þykir mega fallast á það með stefnanda, að með þessum viðbrögðum hafi yfirlandskiptamaður þessi haft í frammi undanbrögð.

Ekki verður samkvæmt framansögðu talið, að Kjartan Leifur Markússon hafi innt af hendi skyldur sínar sem yfirlandskiptamaður samkvæmt dómkvaðningu aukadómpings Skaftafellssýslu 29. apríl 1952, en yfirmatsgerð (yfirlandskiptagerð) þeirri, sem hann tók þátt í, hefur verið mótmælt sem óstaðfestri. Með þeirri vanrækslu og framkomu sinni að öðru leyti undir rekstri dómsmáls út af yfirlandskiptunum telst Kjartan Leifur Markússon hafa sýnt slíkt vanhæfi til að inna af hendi hlutlaust það trúnaðarstarf, sem honum var falið með fyrrgreindri dómkvaðningu, að varða beri óhæfi hans til starfans, sbr. 141. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt almennum reglum um fjölskipuð stjórnvöld, dóma og aðrar fjölskipaðar réttarfarslegar stofnanir, t. d. matsnefndir, veldur vanhæfi eins ógildi athafna, sem gerðar hafa verið með þátttöku hans, jafnt þótt atkvæði hans geti engum úrslitum ráðið í atkvæðagreiðslu.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir bera að fella úr gildi yfirlandskiptagerð þá frá 26. júlí 1960 um skipti á landi Hvols í Dyrhólahreppi, sem afrit er af á dskj. nr. 3 í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dóm þenna hafa kveðið upp Sigurgeir Jónsson, dómari samkvæmt umboðsskrá, og samdómendurnir Rögnvaldur Guðjónsson og Kristinn Jónsson.

Dómsorð:

Yfirlandskiptagerð frá 26. júlí 1960 um skipti á landi Hvols í Dyrhólahreppi er úr gildi felld.

Stefndu, dánar- og félagsbú Eyjólfss Guðmundssonar og

Arnþrúðar Guðjónsdóttur og Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir, greiði stefnanda in solidum kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúar 1964.

Nr. 19/1963. **Landssími Íslands** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
 gegn
Magnúsi Magnússyni
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og
 Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
 Theodór B. Lindal.

Yfirvinnukaup verkfræðings.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Landssími Íslands, greiði stefnda, Magnúsi Magnússyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.